

# Staðfesting á kaupum



Erfiðleikastig



Ef varan eða þjónustan þín býður upp á að senda staðfestingu (Kvittun) fyrir kaupunum þá er það frábær leið til að hefja rafræn samskipti við viðskiptavininn með tölvupósti.

Með vefþjónustu á milli Zenter og tölvukerfis fyrirtækis er jafnvel hægt að senda feril af stað með nákvæmri vörulýsingu. Ef það er ekki hægt að koma því við þá er einfaldur tölvupóstur með hagnýtum upplýsingum frábær leið til þess að kynna viðskiptavininn fyrir heimasíðu fyrirtækisins og þeim ávinningi sem bíður hans/hennar við að eiga viðskipti við fyrirtækið.



Tilgangur

Varðveisla

## Hvernig?

Þú byrjar á að setja upp tölvupóststferil undir **Verkefni** og **Ferlar**. Eftir að ferillinn er tilbúin þá þarftu að ákveða hvernig þú vilt ræsa hann af stað. Slíkt er hægt að gera með skráningarsíðu á netinu, með Zenter kerfinu eða Zenter appinu, ef aðstæður eru með þeim hætti að þú komist ekki í tölvu. Einnig er möguleiki á að ræsa hann með vefþjónustu Zenter (API) og veita starfsmenn Zenter allar upplýsingar um vefþjónustu okkar.



Hver vinnur?

Viðskiptavinurinn

## Af hverju?

Að auka þekkingu viðskiptavina á vörumerki þínu gefur þér forskot og til þess að ná slíku forskoti er mikilvægt að nýta allar leiðir til að eiga samskipti við viðskiptavininn. Að senda kvittun fyrir kaupum opnar á önnur samskipti sem hægt er að nýta til að auka tryggð.



Kostnaður

Enginn

## Hvað þarf ég að kunna?

• Stofna feril • Kunna að búa til seinkun • Kunna helstu leiðirnar að ræsa feril • Vita um vefþjónustu Zenter